

Áhættumat og forvarnir vinnustaða vegna COVID-19 smithættu

Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hafa lýst yfir hæsta almannavarnastigi - neyðarstigi - vegna faraldurs veirunnar sem veldur sjúkdómnum COVID-19. Markmið þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til af hálfu stjórnvalda er meðal annars að fækka hugsanlegum smitleiðum og að vernda þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá nánar á vefsíðunni covid.is

Vinnustaðir

Vinnustaðir landsins þurfa að gera viðeigandi viðbragðsáætlun og upplýsa starfsfólk um þær ráðstafanir sem vinnustaðurinn hyggst grípa til í varúðarskyni til að draga úr og stýra áhættunni sem stafar af COVID-19. Einnig þarf að liggja fyrir viðbragðsáætlun um þær ráðstafanir sem grípa verður til smitist starfsmenn af veirunni eða þurfa að sæta sóttkví.

Sjá leiðbeiningar um viðbragðsáætlun á vefsíðu Vinnueftirlitsins:

<https://www.vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/ahaettumat-vegna-smithaettu-og-vidbrogd-vinnustada-vid-afleidingum-veikinda-starfsfolks-a-vinnustad>

Hvað er hægt að gera til að vernda starfsmenn og aðra á vinnustað?

Mikilvægt er að fylgjast með nýjustu COVID-19 upplýsingunum og taka mið af ráðleggingum til að tryggja að allar ráðstafanir sem gerðar eru séu viðeigandi og í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni: www.covid.is

Almennt gildir að:

- Fylgjast stöðugt með viðeigandi upplýsingaveitum og uppfæra viðbragðsáætlanir og aðgerðir þegar þörf krefur.
- Upplýsa starfsfólk reglulega eftir því sem ástandið þróast.
- Gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við starfsmenn eða fulltrúa þeirra með hliðsjón af opinberum ráðleggingum.
- Framkvæma þessar ráðstafanir og miðla þeim skýrt til allra starfsmanna, þar á meðal að veita skýra leiðsögn og leiðbeiningar um það sem ætlast er til af starfsmönnum.
- Starfsmenn ættu að vita hvenær þeir eiga að vera á starfsstöð, sinna hefðbundnum starfsskyldum, vera í fjarvinnu eða fjarverandi frá vinnu.
- Skýrt þarf að vera til hvaða aðgerða þarf að grípa ef starfsmenn veikjast og hvaða einkennum þarf að hafa áhyggjur af, t.d. að gefa skýr skilaboð að starfsmenn mæti ekki til starfa finni þeir fyrir kvef- eða flensueinkennum jafnvel þó þau séu væg eða ekki einkennandi fyrir COVID-19 og litlar líkur séu á að séu vegna veirunnar sem veldur COVID-19.
- Minna starfsmenn á skyldur þeirra að taka ábyrgð á eigin heilsu og ekki stefna öryggi og heilsu annarra í hættu með háttsemi sinni.

16. mars 2020

Áhættumat vinnustaðar.

Atvinnurekandi þarf að greina þær hættur sem eru fyrir hendi í störfum starfsmanna sinna hverju sinni til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði. Áhættumat þarf að fara fram fyrir allar tegundir starfa enda liggur fyrir að áhætta ólíkra starfa getur verið misjöfn, s.s. vegna mögulegra smitleiða í t.d. framlínustörfum og öðrum störfum þar sem bein snerting eða snertifletir við viðskiptavini eru ekki til staðar.

Höfum í huga að það er engin ein lausn sem hentar öllum heldur verður að fara fram mat á hverjum vinnustað fyrir sig.

Forvarnir sem viðbrögð við áhættunni.

Í kjölfar áhættumats þarf að meta hvað er framkvæmanlegt miðað við aðstæður til að koma í veg fyrir þá áhættu sem er fyrir hendi.

Almennar forvarnir sem draga úr smitleiðum:

- Gæta að hæfilegri fjarlægð (2 m) milli starfsmanna.
- Hvetja til handþvottar.
- Hafa handspritt aðgengilegt starfsmönnum víða á vinnustaðnum.
- Takmarka nán samskipti við annað fólk, t.d. handabönd og faðmlög eða aðra snertingu. Finna aðrar leiðir til þess að heilsast án snertingar.
- Minna starfsfólk á að forðast að bera hendur í andlit, sérstaklega augu, nef og munn.

Þegar störf kalla ekki á beina snertingu við samstarfsmenn eða viðskiptavini er hægt að:

- Hvetja til aukinna rafrænna samskipta og símtala, bæði milli starfsmanna og við viðskiptavini.
- Meta þörf fyrir fundarhöld, einkum þegar um fjölmenna fundi er að ræða og hafa þá fremur fjarfundi þar sem því verður við komið. Ef nauðsynlegt er að funda þá er mikilvægt að muna hafa hæfilega fjarlægð (2 m) á milli manna í fundarsalnum.
- Hvetja fólk til að starfa heima ef hægt er að koma því við.

Ef eðli starfa er þannig að þörf er á samskiptum milli fólks þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að draga úr áhættu á smiti.

Það er gert m.a. með því að:

- Veita starfsmönnum viðeigandi persónuhlífar, upplýsingar og þjálfun í því hvernig og hvers vegna þeim er skylt að nota þær.
- Tryggja starfsmönnum aðgengi og aðstöðu til handþvottar.
- Gefa starfsmönnum tækifæri að sápuþvo hendur reglulega, a.m.k. í 20 sekúndur í hvert skipti.
- Þar sem vatn og sápa eru utan seilingar þarf handspritt að vera starfsmönnum aðgengilegt og einnig viðskiptavinum. Til dæmis er unnt að

16. mars 2020

setja brúsa með handspritti við afgreiðsluborð þar sem viðskiptavinir eru hvattir til að spritta hendur áður en til viðskipta kemur.

- Þrifa oft fleti sem eru mikið notaðir og þá með sótthreinsandi efnum.
- Gæta þess að skýrt sé hver dagleg störf og skyldur starfsfólks eigi að vera á meðan veiran geisar.
- Tryggja að starfsfólk hafi skrifleg svör við hendina vegna algengra spurninga viðskiptavina.
- Gæta þess almennt að hæfileg fjarlægð sé á milli fólks nema að snerting sé nauðsynleg, t.d. vegna umönnunarstarfa, en þá ber að tryggja að starfsmenn beri fullnægjandi persónuhlífar.
- Skoða aðrar mögulegar leiðir til að framkvæma störfina sem takmarka nálægð eða snertingu fólks.
- Setja upp merkingar þar sem starfsfólk og viðskiptavinir eru minntir á að heilsa ekki með handabandi.
- Setja upp merkingar þar sem starfsfólk og viðskiptavinir eru hvattir til að hósta eða hnerra ekki út í loftið heldur í olnbogabótina eða í pappír. Þannig er einnig komið í veg fyrir að úði fari á hendur.
- Veita starfsmönnum stuðning og tækifæri til að ræða áhyggjur sínar, t.d. með daglegum upplýsingum og spjalli við næsta yfirmann eða samstarfsmenn.

Varúðar gætt í mötuneytum á vinnustöðum.

Mikilvægt er að draga sérstaklega úr smitleiðum í mötuneytum, t.d. með því skylda starfsfólk að þvo hendur og spritta áður en þau koma í matsalinn og nota einnota hanska. Einnig er gott að starfsfólk mötuneyta skammti á diska til að forða óþarfa snertingu starfsfólks við áhöld og fleti og að takmarka fjölda starfsmanna í mötuneytum á hverjum tíma.

Þegar grunur vaknar um COVID-19 sýkingu.

Skýrir ferlar þurfa að vera fyrir hendi ef grunur um COVID-19 sýkingu vaknar hjá starfsmanni eða viðskiptavini.

- Haft er samband við heilbrigðisþjónustu í síma 1700, heilsugæslu (sjá vefsíðuna [heilsugaeslan.is](https://www.heilsugaeslan.is)) eða í gegnum vefsíðuna [heilsuvera.is](https://www.heilsuvera.is)
- Næsti yfirmaður er upplýstur.

Enn fremur er vakin athygli á eftirfarandi gátlista Embættis landlæknis vegna framlínustarfsmanna:

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beini%20ngar-framl%C3%ADnustarfmenn%2010032020%20KSJ-IM.pdf>

Vinnueftirlitið hvetur atvinnurekendur og starfsfólk til þess að fylgjast með upplýsingum frá Embætti landlæknis og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra á vefsíðunni www.covid.is.

16. mars 2020